Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Velferðarráð Kópavogs
B.t. Bjargar Baldursdóttur, formanns

Kópavogi, 20. september 2024
2409224/304.00

Á fundi velferðarráðs þann 9.9.2024 var lögð fram til kynningar tillaga að samstarfi við Hrafnistu vegna Boðaþings (fylgiskjal 1). Velferðarráð bókaði eftirfarandi:

> *Velferðarráð þakkar fyrir góða kynningu. Málinu er vísað til kynningar og umsagnar í öldungaráði.*

Á fundi öldungaráðs þann 18.9.2024 var tillagan lögð fram til kynningar og umsagnar (fylgiskjal 2). Öldungaráð bókaði eftirfarandi.

> *Öldungaráð þakkar góða kynningu frá starfsfólki Hrafnistu og tekur jákvætt í framkomna tillögu um að fela Hrafnistu rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Boðaþingi.*

Föstudaginn 20.9. sl. var haldinn kynningarfundur fyrir notendur þjónustunnar í félagsmiðstöðinni í Boðaþingi. Fulltrúar velferðarsviðs kynntu í mjög stuttu máli forsöguna og feril málsins í gegnum kerfi bæjarins. Fulltrúar Hrafnistu kynntu áhrif breytinganna á starfsemina í Boðanum og hvaða framtíðarsýn þau hefðu varðandi framþróun þjónustunnar. Mikil áhersla er lögð á þátttöku notenda í mótun starfseminnar. Mjög góð mæting var á kynningarfundinn og töluvert af spurningum lagðar fram sem flestar snéru að matarmálunum. Við lok fundarins skiptu fundargestir sér upp í minni hópa og þau sem vildu gátu skrifað niður á blað þau atriði sem þau eru ánægð með í núverandi starfsemi, það sem þau myndu vilja breyta o.fl.

Innkaupadeild Kópavogsbæjar hefur tillögu að samstarfi við Hrafnistu til skoðunar þannig að tryggt sé að farið sé að þeim lögum og reglum sem um samningsgerðina gilda. Lagt er til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði gefin heimild til að ganga til samninga við Hrafnistu um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Boðaþingi að fenginni umsögn innkaupadeildar.

Virðingarfyllst,

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1. Minnisblað sem lagt var fyrir velferðarráð 9.9.2024.
Fylgiskjal 2. Minnisblað sem lagt var fyrir öldungaráð 18.9.2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026